

Óstöðugt land
Unstable Ground
Gunndís Ýr Finnbogadóttir
Þorgerður Ólafsdóttir
30.10.2024—19.01.2025



Koma Unnin ljósmynd úr heimildasafni Surtseyjarfélagsins, með leyfi félagsins og Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ)
Arrival An edited photograph from the archives of the Surtseyjarfélag, courtesy of the association and the Icelandic Institute of Natural History (NÍ)

Jörðin undir fótum okkar er á sífelldri hreyfingu
The ground beneath us is alive with change
Becky Forsythe

Surtsey, unga eldfjallaeyjan, er í stöðugu umbreytingarferli þar sem sköpun og eyðing fer óhjákvæmilega saman. Þessi sýning er rannsókn á þeirri fyrirbærafræðilegu reynslu að heimsækja Surtsey — stað sem er í senn að mótaskast og hverfa fyrir augum okkar.

Surtsey, sem reis úr Atlantshafinu árið 1963, gefur sjaldséða innsýn í þá óhömdu frumkrafta sem móta jörðina. Sýningin *Óstöðugt land* býður okkur að rannsaka Surtsey, ekki aðeins sem jarðfræðilegt undur heldur einnig sem vettvang djúpstæðra vangavelta um tíma, stað og kvarða, og mannlegra aðferða þekkingar, skynjunar og mælinga. Á sýningunni er ýtt undir skilning áhorfenda á því hvernig ferðast megi um landslag sem á eftir að kynnast, né mun mögulega nokkurn tíma kanna, og sem er í stöðugu umbreytingarferli.

Á milli þess sem komið er og farið, ríkir frjó spennan — ógreinilegt rými sem iðar af tækifærum. Á þessum þröskuldi vegum við salt milli komu og brottfarar. Sýningin umbreytist í stað þar sem undrið býr og dregur hárfína línu milli sköpunar og eyðileggingar, varanleika og skammæris, í hvort tveggja raunverulegu og ímynduðu landslagi. Okkur er boðið að skilja að það sem oft virðist traust er á stöðugri hreyfingu, Jörðin undir fótum okkar er sífelld að breytast.

Með örfyrirbærafræðilegum viðtölum og listrænum samvinnu–rannsóknum með vísindafólki, listafólki og tímabundnum gestum á eyjunni, fanga myndlistarkonurnar Gunndís Yr Finnbogadóttir og Þorgerður Ólafsdóttir skynreynslu þeirra af umhverfinu: hvernig tilfinning það er að ganga á ótraustu yfirborði, heyra vindinn gnauða við úfna hraunkletta, og virða fyrir sér breytingar á strandlengju eyjunnar. Þessar persónulegu og sjónrænu frásagnir bjóða gestum að íhuga sínar eigin tengingar við síbreytilegt yfirborð jarðarinnar, Gunndís og Þorgerður bjóða okkur að takast á við ummyndandi náttúru Surtseyjar milliliðalaust.

Í opnunartextaverkinu *Staðsetning* (2024) býðst gestum að setja sig í stellingar fyrir væntanlegt ferðalag og þar með er ýtt undir þá tilfinningu að skynræn reynsla þeirra sé ekki bundin við athugun úr fjarlægð heldur byggji hún á djúpsæjum, gagnvirkum samskiptum við rokkandi landslag. Hver persónuleg frásögn dýpkar verk Gunndísar og

As a young volcanic island, Surtsey exists in a continuous state of transformation, where creation and erosion are inevitably entangled. This exhibition explores the phenomenological experience of encountering Surtsey — a place that is both forming and disappearing before our eyes.

Surtsey, born from the depths of the Atlantic Ocean in 1963, offers a rare glimpse into the raw, unrelenting forces that shape the Earth. The exhibition *Unstable Ground* invites us to explore Surtsey as not only a geological wonder but also a deep reflection on time, place, and scale, as well as human modes of knowledge, perception, and measurement. It encourages viewers to sense how we might navigate land–scapes yet to be experienced, or perhaps never to be felt, all of which are in a constant state of transformation.

Between coming and going, there is a productive tension — a liminal space brimming with possibility. In this threshold, we are

suspended between arrival and departure. The exhibition transforms into a place where wonder takes root and traces the fragile line between creation and destruction, permanence and impermanence, across both real and imagined landscapes. It invites us to recognize that what often seems stable is constantly shifting; the ground beneath us is alive with change.

Through phenomenological interviews and collaborative artistic research with scientists, artists, and temporary residents who have interacted with the island, artists Gunndís Yr Finnbogadóttir and Þorgerður Ólafsdóttir capture their sensory experiences of the environment: how it feels to walk on unsteady surfaces, to hear the sounds of the wind against rugged volcanic rock, and to witness the sight of the island’s shifting shorelines. These personal and visual narratives invite viewers to reflect on their own connections to the Earth’s ever–changing surface, and the artists invite us to engage with Surtsey’s transformative nature firsthand.

In the opening text piece *Placement* (2024), visitors are invited to position themselves as if embarking on a journey, reinforcing the notion that these sensory experiences are not mere observations but profound reciprocations with an oscillating landscape. Each personal account deepens the artists’ work and enriches the exhibition as a whole and emphasizes the paradox of standing on ground that is always in transition. In *Unstable Ground* (2024), a three–channel video installation that shares its title with the exhibition, the artists blend interviews and archival explorations to revisit memory and present diverse perspectives on Surtsey. This approach underscores the significance of personal experience and narrative in understanding the island’s constantly shifting landscape and is also reflected in *Mapping* (2021 — 2023) where participants further re–lect the island in the form of drawings. The work emphasizes that understanding is fundamentally embodied — rooted in physical presence, as well

Þorgerðar, auðgar sýninguna í heild og undirstrikar þá mótsögn sem felst í því að standa á jörð sem er sífellt að breytast. Í verkinu *Óstöðugt land* (2024), þriggja-rása myndbandsinnsetningu með sama titil og sýningin, blanda listakonurnar saman viðtölum og heimildagrúski til að endurheimta minningar og kynna ólík sjónarhorn á Surtsey. Þessi nálgun sýnir fram á mikilvægi persónulegrar reynslu og frásagnar til þess að skilja síbreytilegt landslag eyjunnar, og endurspeglast líka í *Kortlagning* (2021 — 2023) þar sem þátttakendur rifja eyjuna upp í gegnum teikningar. Verkin undirstrika að skilningurinn grundvallast á og á rætur í líkamlegri nærveru ekki síður en tilfinninga-, innsæis- og vitsmunalegum tengingum.

Þegar við ferðumst í gegnum lög tímans í verkinu *Koma / Fara* (2024) — stóru textílverki sem sameinar stafrænt prentaða ljósmynd úr heimildasafni Surtseyjarfélagsins og kyrrmynd af þrívíðu líkani af eyjunni — sjáum við landslag sem er að myndast fyrir augum okkar og hverfur í hafið um leið. Frá ýmsum sjónarhornum er þetta verk bæði sviðstjald og þröskuldur, það vekur upp tvíþætta reynslu af því að nálgast eyjuna og kveðja hana samtímis. Á svipaðan hátt endurspeglar verkin *Vísanir* (2024), með myndum gerðum úr sanduppsópi úr einu af manngerðu skýlunum í Surtsey, það sem skilið er eftir — hvort sem það er af mannahöndum eða náttúrunnar — þegar við snertum landslag og það hreyfir við okkur til baka.

Þegar við skoðum þessi verk endurspeglar fyrirbærafræði Surtseyjar okkar eigin tilveru, bundna í hringrás vaxtar, hrörnunar og endurnýjunar. Tilurð eyjarinnar, í gegnum eldgos og rof í kjölfar þess, minnir okkur á hverfulleika landsins; setmyndun, veðrun, jarðskorpu- hreyfingar og mannleg áhrif. Með því að hlýða á útihljóðverkið *Tanginn* (2024) ferðumst við um ókunna vegu og landslagið getur vírst slævandi. Eins og eyjan sjálf ferðumst við um rými sem er á sífelldri hreyfingu, þar sem hver fundur einkennist af hárfínu jafnvægi komu og brottfarar. Þegar jörðin hreyfist undir fótum okkar og hið innra sömuleiðis, endur- móta náttúruöflin okkur líka — hvort sem er í gegnum hlutdeild okkar í loftslagsbreytingum, mannleg áhrif eða ferðalag okkar um tíma og rúm.

as emotional, intuitive, and intellectual engagement. As we move through layers of time in *Arriving / Departing* (2024) — a large textile work combining a digitally printed archival photograph with a still frame from a 3-D model of Surtsey — we witness landscapes that, while forming before our eyes, are already dissolving into the sea. Viewed from various angles, this piece acts as both a curtain and a threshold, evoking the dual experience of approaching the island and the feeling of leaving it behind. Similarly, *Indications* (2024), featuring prints made with sand-sweep from one of the human-made shelters on Surtsey, reflects on what is left behind — whether human-made or natural — when we touch landscapes and they, in turn, touch us. Engaging with these works allows Surtsey’s phenomenology to mirror our own existence, defined by cycles of growth, decay, and renewal. The island’s creation through

volcanic eruptions and its subsequent erosion serves as a reminder of the impermanence of land; sedimentation, weathering, tectonic activity, and human encounter. In listening to the outdoor sonic work *The Spit* (2024) we are transported to an unfamiliar experience and the landscape may seem disorienting. Like the island, we too navigate spaces in constant flux, where each encounter is defined by a delicate balance of arriving and departing. As the earth shifts beneath our feet and within our bodies, we too are reshaped by nature’s forces — whether through our entanglement in climate change, human impact, or our movement through time and space. In the accompanying text by Gunnðís Ýr, she reaches for the potential for growth and understanding that emerges when we retrace our steps back to and ground ourselves in the natural world. This journey is not merely a physical one but a reminder that understanding is rooted in embodiment, in the simple act of being

Í meðfylgjandi texta Gunnðísar Ýrar leitar hún að möguleikanum á þroska og skilningi sem opnast þegar við rekjum slóð okkar aftur til náttúrunnar og tökum okkur stöðu þar. Þetta er ekki aðeins áþreifanlegt ferðalag en einnig áminning um að skilningur eigi rætur í líkamningu, í því einfaldlega að vera viðstödd. Þetta hugtak ómar í gegnum reynsluna af Surtsey, þótt hún sé aðeins ímynduð, þar sem hvert skref á óstöðugri jörðinni býður upp á nýja íhugun. Athugun Gunnðísar Ýrar beinist að því hvernig slíkir endurfundir við náttúruna geti opnað ný sjónarhorn og aukið næmi fyrir landslaginu í kringum okkur.

Þessar athuganir eru studdar af vettvangsmyndum frá ferð þorgerðar til Surtseyjar. Með ljósmyndum sínum skrásetur hún augnablik umskiptanna — skammvinnt umhverfi eyjunnar sem mótast bæði af jarðfræði- og vistfræðilegum ferlum. Myndirnar eru sjónrænir leiðarvísar um umbreytingu Surtseyjar, brúa bilið á milli áhorfanda og staðar og afhjúpa krafta sköpunar og eyðingar, sem svo oft eru ósýnilegir.

Á tímum hraðra umhverfisbreytinga er *Óstöðugt land* annað og meira en vangaveltur um hverfula tilveru Surtseyjar; sýningin hvetur okkur til að endurskoða samband okkar við jörðina og finna stöðugleika í síbreytilegri náttúru og sameiginlegri ábyrgð okkar allra. Með sýningunni er spurt hvernig við getum ræktað dýpri og vandaðri tengingu við umhverfið sem við mótum, búum í og umbreytum. Breytilegt landslag eyjunnar bergmálar í senn forna jarðsögu og viðkvæmni lífsins og dregur okkur með sér inn í heim þar sem allt er á hreyfingu. Sýningin varpar ljósi á samspil eyjunnar og kraftanna sem móta hana, og gaumgæfir hverfulleika lands og lífs. Listaverkin veita ekki nein endanleg svör, ekki frekar en Surtsey sjálf, en bjóða okkur þess í stað að dvelja í óvissunni, þar sem sköpun og eyðing, koma og brottför, tvinnast saman í endalausri hringrás umbreytingar og óútreiknanlegs landslags.

present. This concept resonates deeply with the experiences of Surtsey, even if only imagined, where each step taken across its volatile landscape offers new ground for reflection. Gunnðís’s exploration reflects on how such a reunion with nature can foster new perspectives and heightened sensitivities to the landscapes we inhabit. Scaffolding these reflections are field documents from Þorgerður’s trip to Surtsey. Her photographic documentation captures moments of transition — the ephemeral states of the island’s environment as it is shaped by both geological and ecological processes. These images act as visual markers of Surtsey’s transformations, bridging the gap between viewer and place, and revealing the often-invisible dynamics of creation and erosion. In a time of rapid environmental change, *Unstable Ground* offers more than a reflection on Surtsey’s fleeting existence; it urges us to rethink our relationship with the Earth and find stability

within the ever-changing landscapes of nature and our collective responsibilities. It asks how we can cultivate a deeper, more mindful connection to the environments we shape, inhabit, and transform. Surtsey’s evolving shores, echoing both ancient geologic history and the fragility of life, draw us into a realm where everything is in flux. This exhibition engages with the ongoing dialogue between the island and the forces shaping it, contemplating the impermanence of both land and life. Like Surtsey, the artworks offer no fixed answers but invite us to dwell in the uncertainty, where creation and destruction, arrival and departure, are intertwined in an endless cycle of transformation and unpredictable terrain.




Vitinn
The lighthouse



7

Vitinn
The lighthouse

Fjörukál
Fyrsta plantan sem fannst á Surtsey (1965)
Sea Rocket
First plant found on Surtsey (1965)





8

Þorgerður Ólafsdóttir

9

Ljósmyndir af fótspori (hluti af slóða 2)
Photograph of footprint (part of path 2)





Tanginn
The Spit
2021
Rammi úr vídeóverki
Still frame from a video work



10

Þorgerður Ólafsdóttir

Austurbunki
East bunk



11

Valdir rammar úr þrívíddarmódeli af Surtsey, hægt að sjá á surtsey.is
Með leyfi Surtseyjarfélagsins og Náttúrufræðistofnunar
Selected views from a 3D model of Surtsey, accessible at surtsey.is
Courtesy of the Surtseyjarfélag and the Icelandic Institute of Natural History



12

Þorgerður Ólafsdóttir

Niðurfallið
The Sinkhole



13

Þyrlupallurinn
The helipad

Óstöðugt land
Unstable Ground
Gunndís Ýr Finnbogadóttir

Þessi texti birtist upphaflega í tímariti Kunstlicht, 2023, volume 44, No. 4: Between the Standing and the Inclined: Structures Supporting Change. Textinn er birtur hérna með breytingum og þýddur af Diddu H. Leaman.

This text was originally published in the journal Kunstlicht, 2023, volume 44, No. 4: *Between the Standing and the Inclined: Structures Supporting Change*. It is published here with alterations, translated to Icelandic by Didda H. Leaman.

1
Þetta gæti átt við pólitísk eða samfélagsleg kerfi eða jafnvel vistkerfisleg, en sem lista–maður og kennari hugsa ég hér um menntastofnanir, sem eru þétt ofnar við það sem áður er nefnt.

2
Nancy Tuana, „From a Lifeboat Ethic to Anthropocenean Sensibilities,“ Environmental Philosophy 17 no. 1 (2022): 101 – 123. doi: 10.5840/envirophil202011791.

3
Surtsey er eldfjallaeyja 32 km undan suðurströnd Íslands. Ný eyja varð til vegna elds–umbrota sem áttu sér stað á árunum 1963 til 1967. Eyjan hefur verið á heimsminjaskrá UNESCO síðan 2008. Surtsey er syðsti punktur Íslands, 63.303°N 20.605°V. Merkilegt nokk hafa ferðatak–markanir verið til staðar fyrir eyjuna síðan hún birtist fyrst og í gegnum tíðina hafa leyfi aðeins verið veitt rannsak–endum sem fylgjast með þróun plantna, dýra og jarð–fræðilegrar myndunar eyjunnar. Nýlega hafa verið veittar heimsóknarheimildir fyrir rannsakanda í fornleifa–fræði og rannsakanda í myndlist sem hafa haft meiri áhuga á mannlegum tengslum við eyjuna, myndun staða með örnefnum og rekaefni.

1
This could apply to political, social and ecological structures but as an artist and educator I am here thinking about educational structures, which are tightly enlaced with and into the former mentioned.

2
Nancy Tuana, “From a Lifeboat Ethic to Anthropocenean Sensibilities,” Environmental Philosophy 17 no. 1 (2022): 101 – 123. doi: 10.5840/envirophil202011791.

3
Surtsey is a volcanic island 32 km off the south shore of Iceland. A new island was created by volcanic emissions that occurred from 1963 to 1967. The island has been a UNESCO World Heritage Site inscription since 2008. At 63.303°N 20.605°V, Surtsey is the southernmost point of Iceland. Remarkably, travel restrictions have been in place for the island since it first appeared, and permissions are only granted for researchers who are following the development of the island’s plants, animals, and its geological formation. Recently, visiting permissions have been granted to a researcher of archaeology and a researcher of visual arts who have been more interested in the human relation to the island, placemaking through place naming, and material drifting to the island.

Hvernig er hægt að tengja skynvísi mannaalda við raunverulega lífaða reynslu, þá sérstaklega reynslu þar sem tengsl milli líkama og umhverfis eru augljós? Slík tengsl eru án efa til staðar, þó að þau hafi enn ekki fengið nægilega athygli frá kerfum eða stofnunum sem gætu stutt við slík tengsl og skynvísi.¹

Samhliða því að velta fyrir mér hugmyndum Nancy Tuana um skyn–vísi á tímum mannaalda sem hún kallar *Anthropocenean sensibilities* eða skynvísi mannaalda², og hvetur okkur til að þróa, hlúa að og læra af, ætla ég að flétta inn innsýn úr verkefninu *Óstöðugt land*, samstarfsverkefni mínu og þorgerðar Ólafsdóttur myndlistarkonu.

Saman höfum við tekið örfyrirbærafræðileg viðtöl (e. microphe–nomenological) við fólk sem heimsótt hefur friðuðu eyjuna, Surtsey³, úti fyrir suðurströnd Íslands. Ég kanna hvernig nálgun okkar og grunn–tónn úr viðtölunum gætu samrýmst hugmyndafræði Tuana.

Áttu þér minningar um að ganga í fjöru, á klettóttri strönd með stór–grýti, óreglulega mótuðum grjóthnullungum, sem standa alls ekki stöðugir í sandinum? Ef svo er, manstu ef til vill hversu erfitt getur verið að hreyfa sig þar. Að þú myndir sums staðar frekar vilja nota bæði fætur og hendur til að styðja þig, svo þú dettir ekki, brjótir ekki útlimi, eða klemmist hreinlega á milli steinanna. Það er eins og líkami þinn sé að reyna að hreyfa sig um á enn stærri líkama sem er einnig á hreyfingu. Það væri mögulega öruggara eða auðveldara að hreyfa sig eins og krabbi eða könguló. Sjónskynjunin hjálpar þér heldur ekki mikið núna því steinarnir eru sleipari en þeir líta út fyrir að vera, það vex eitthvað á þeim. Allt þetta orkar á þig eins og þú sért að missa jafnvægið, missa stöðugleika. Þú treystir hvorki þínum eigin líkama, né stóra líkamanum sem þú ert að príla á.

Þótt sannað sé að landið undir fótum okkar taki sífellum breytingum og að náttúran sé alltaf að endurnýjast í kringum okkur er oft erfitt að upp–lífa það sterkt á eigin skinni dagsdaglega. Sérstaklega í hinu þéttbýla og hraða samfélagi sem við flest búum í. Sá hugsunarháttur að maðurinn

How is it possible to connect *Anthropocene sensibilities* with real, lived experience, particularly in the connection between the body and the environment? Such a connection undoubtedly exists, although it has not yet received the necessary attention from the structures that could support it.¹

As I reflect on Nancy Tuana’s notion of *Anthropocenean sensibilities* of which she advocates for us to develop, attend to, and learn from?² I intend to weave in insights from *Unstable Ground*, a collaborative project between artist Þorgerður Ólafsdóttir and myself. Together, we have interviewed visitors to the protected island of Surtsey³, located off the southern coast of Iceland. I explore how our methodological approach and initial reflections on the interviews might align with Tuana’s concept.

Do you have memories of walking on a shore, a rocky beach with large oddly shaped stones that

are not completely steady on the ground beneath them? If you do, you might remember how difficult it can be to move around, how in some places you would prefer using your feet and hands to support you so you won’t fall, break a limb, or even get stuck in between the rocks. It feels like your body is moving or trying to move around on a bigger, moving body. It might be safer or easier to move around like a crab or a spider. Your visual sense of the stones doesn’t really help you now because they feel more slippery than they look, there is something growing on them. It all gives you a feeling of losing balance, losing stability, neither trusting your own body nor the bigger body you are moving about on.

Although there is evidence that the land beneath our feet is in a constant mode of change and nature is continually becoming new all around us, it is often hard to strongly sense it in our day–to–day lives, especially in an urbanised

and fast–paced context. The assumptions that humans are not part of nature, but that still we can manipulate it, preserve it when it suits us, and change it when that is in our interest, are deeply rooted in Western culture and values. The idea of one species dominating all the others is not helping us out of the ecological challenges and changes that we are facing. On the contrary, it got us into this situation to begin with and continues to tear or disconnect our thinking about the world and ourselves within it. In Western culture, the focus has been on the human viewpoint (both idealistically and literally on human sight⁴), on needs for materials, movement, energy, and habitats, and not on what we can do with resources in our environment — how much there is and what our near nature can afford. One possible approach to mending this divide involves strengthening the connection with the environment that surrounds us. This entails acknowledging our constant engagement

4
Diana Pupkevičiūtė’s text Attunement, or to Recognise the Unspectacular (2023) and her suggestion for listening that might lead us to recognise our kin in different forms, shapes and functions.

5
Tuana, “From a Lifeboat Ethic,” 101 – 123.

with the earth, climate and the more–than–human world, through our whole bodies. Through this process, we might be able to cultivate a sense to envision alternative perspectives.

The project *Unstable Ground* has been ongoing since 2021. Our interviews were conducted with individuals who have visited the island of Surtsey over the past 58 years. In line with Tuana’s thinking, I consider the potential of the experiences from Surtsey and the possibility of their role within *Anthropocenean sensibilities* and/or if they support the development of new ones.

My understanding of Tuana’s idea of *Anthropocenean sensibilities* is as in–between experiences of feeling and knowing, sensing and thinking, affecting and cognition. These sensibilities shape our understanding of the world and ways of living and form what we value and desire. They play a crucial role in the space of ethics.⁵

sé ekki hluti af náttúrunni, en samt getum við stjórnað henni, varðveitt hana þegar það hentar okkur og breytt henni þegar það er í okkar þágu, er rótgróinn í vestrænni menningu og gildum.

Sú hugmynd að ein tegund hafi yfirráð yfir öllum öðrum hjálpar okkur ekki út úr þeim erfiðleikum og breytingum á vistkerfum sem blasa nú við okkur. Þvert á móti kom hún okkur í þessar aðstæður til að byrja með og heldur áfram að skapa rof, eða aftengingu í hugsun okkar um heiminn og okkur sjálf í honum. Í vestrænni menningu hefur áherslan verið á sjónarhorn mannsins (bæði hugmyndafræðilega og bókstaflega á sjón hans⁴), á efnisþörf, hreyfingu, orku og búsvæði en ekki á það sem við getum gert með auðlindirnar í umhverfi okkar — hversu mikið er til og hvað nærliggjandi náttúra býður okkur upp á. Ein hugsanleg leið til þess að brúa þessa gjá er að styrkja tengsl okkar við umhverfið á ný. Það felur í sér að viðurkenna að við erum í stöðugu sambandi við jörðina, loftslagið og hinn meira-en-mannlega heim í gegnum líkama okkar. Með slíkum nálgunum gætum við ef til vill ræktað með okkur næmni til þess að sjá fyrir okkur ný sjónarhorn eða gert okkur kleift að velja nýja sjónarhóla.

Verkefnið *Óstöðugt land* hefur verið í vinnslu frá árinu 2021 og við höfum tekið viðtöl við einstaklinga sem heimsótt hafa Surtsey á síðustu 58 árum. Í takt við Tuana, þá velti ég fyrir mér allri reynslunni frá Surtsey og möguleikum hennar og hlutverki í tengslum við *skynvísi manna*ldar og/eða hvort sú reynsla geti stutt við þróun slíkrar skynvísi.

Skilningur minn á hugmyndum Tuana um *skynvísi manna*ldar er að hún liggi milli upplifana, eins konar millibilsreynsla milli þess að finna og vita, skynja og hugsa, þess áhrifavaldandi og þess skilvitlega. Þessi skynjun mótar skilning okkar á heiminum, hvernig við lifum af, og mótar líka hvað við metum mikils og hvað við þráum í lífinu. Hún leikur því stórt hlutverk í þróun siðferði.⁵

Tuana kallar eftir umbreytingu á því hvernig við hugsum um tengsl okkar, til þess að skapa ný og ólík viðhorf sem bjóða mannöldina

16	Gunndís Ýr Finnbogadóttir
 Tuana calls for a transformation of sensi- bilities in order to create a new and different form of welcome to the Anthropocene, one that leads to a shift in how we think, feel, and act.⁶ To acknowledge the interconnectedness between humans and their environments is essential for learning “to live in the midst of change, with a new responsiveness to uncertain- ties that render not-knowing animating rather than paralysing.”⁷ By challenging established divisions and fixed categorizations, Anthrope- nean sensibilities have the potential to provoke transformative changes in our “ontological commitments, sense of self, our conceptions of agency, our habits and desires, our episteme.”⁸ Tuana urges a shift in sensibilities that goes beyond mere conceptualisation and thinking, but rather a deep affective engage- ment with the challenges ahead: The becoming subject of the Anthro- pocene encourages an appreciation of the	inherent interconnectivity among things. Anthropocenean sensibilities disrupt sharp boundaries (humans/environment, natural/cultural, North/South) and encourage attention to the porosity of inter-relationality, the rich interactions through which subjects and environments co-emerge. They dissolve traditional notions of autonomy; we exist only through our complex imporings with others, including non-human others...⁹ What does she mean by this? How do we attend to the porosity of inter-relationality through embodied practices and why should we do this with our bodies? Could that happen by examining and attuning to our environment or our lived experiences in connection to our surroundings? To really look at how our crab-like hands touch the stones on the shore? How does the stone feel, how does it tell me something? Do I sense humidity, texture, weight? How does it lean?

4	Hér vil ég benda á texta Diana Pupkevičiūtė, <i>Attunement, or to Recognise the Unspectacular</i> (2023) og tillögu hennar um að hlusta á þann hátt sem gæti leitt okkur til að viðurkenna skyldleika okkar við ólík lífsform, í fjöl- breyttri mynd.
5	Tuana, „From a Lifeboat Ethic,“ 101 — 123.
6	Hugmyndin um Mannöld (óopinber eining jarðfræðilegs tíma) er sú að við séum komin inn í jarðfræðilegan tíma sem einkennist af því að athafnir manna fóru að hafa veruleg áhrif á loftslag og vistkerfi plánetunnar.
7	Tuana, „From a Lifeboat Ethic,“ 114.
8	Tuana, „From a Lifeboat Ethic,“ 101.
9	Tuana, „From a Lifeboat Ethic,“ 112. The becoming subject of the Anthropocene encourages an appreciation of the inherent interconnectivity among things. Anthrope- nean sensibilities disrupt sharp boundaries (humans/ environment, natural/cultural, North/South) and encourage attention to the porosity of inter-relationality, the rich interactions through which subjects and environments co-emerge. They dissolve traditional notions of autonomy; we exist only through our complex impor- ings with others, including non-human others...(þýðing: Didda H. Leaman).
10	Lisa Baraitser, <i>Enduring Time</i> . (London: Bloomsbury Academic, 2017).

17

6
The idea of the Anthropocene (unofficial unit of geologic time) is that we have entered geological time that characterises the recent era in Earth's history when human activities began to exert a substantial influence on the planet's climate and ecosystems.

7
Tuana, "From a Lifeboat Ethic," 114.

8
Tuana, "From a Lifeboat Ethic," 101.

9
Tuana, "From a Lifeboat Ethic," 112.

10
Lisa Baraitser, *Enduring Time*. (London: Bloomsbury Academic, 2017).

11
In my experience, the flow of time, limits of time, and pressure of time is what affects teaching, learning and research the most within educational institutes.

12
Guðbjörg Jóhannesdóttir and Sigríður Þorgeirsdóttir, "Reclaiming nature by reclaiming the body", *Balkan journal of philosophy*. 8, no. 1 (2016): 39 – 48.

13
Jóhannesdóttir and Þorgeirsdóttir, "Reclaiming nature", 47.

krefst, flæði tímans sem flest okkar eru bundin; að lifa við, að umbera biðtíma líðandi stundar og takast á við umönnun sem ekki sér fyrir endann á.¹¹ Ég álit að tengslin milli Baraitser og Tuana liggi í tímanum sem umönnun og aðhlynning krefst. Umönnun fer ekki fram í flýti, eins og verkefni sem maður getur drifið í að klára. Hún gerist gjarnan hægt og krefst nærveru. Að sinna einhverju og skynja það innilega krefst tíma, líkast til annars konar tíma en vinnutíma eða frítíma.

Án þess háttar skynjunar (sem við þurfum að dvelja í á annars konar tíma) er ekki hægt að bæta úr núverandi sambandi okkar við náttúruna.

Heimspekingarnir Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirs–dóttir halda því fram að við þurfum að einblína á þá staðreynd að við erum hluti af náttúrunni vegna þess að við höfum líkama.¹² Við erum sannarlega holdi klædd.

Við erum lifandi, andandi, tifandi verur, rétt eins og plöntur og önnur dýr. Rétt eins og plöntur og dýr þekkja heiminn gegnum skynfæri sín, öðlumst við for–yrta þekkingu með samtengingu okkar við veröldina sem við getum nýtt okkur ef við beinum athyglinni að líkamlegri skynjun, og förum að hlusta á líkama okkar. Þetta form skilnings hjálpar okkur ekki aðeins að finna afar vistvæna leið í tilveru okkar í veröldinni eins og myrk vistfræðihugsun gerir, en mun einnig hjálpa okkur að finna gjörólíkar leiðir í hugsun okkar um hvernig við þekkjum heiminn, ekki eingöngu gegnum hugmyndir okkar um félagslega uppbyggingu, heldur gegnum líkama okkar sem lífrænar verur.¹³

Út frá þessari hugmynd um að sökkva okkur ofan í skilningarvit okkar og hlusta á líkama okkar, er ef til vill kominn tími til að kanna nálgunina í verkefninu *Óstöðugt land* og tengja hana þessum hugmyndum um innbyrðis tengsl.

Í verkefninu *Óstöðugt land* erum við þorgerður forvitnar um hvaða augnablikum og reynslu viðmælendur okkar deila með okkur.

18	Gunndís Ýr Finnbogadóttir
In the ongoing project <i>Unstable Ground</i>, Þorgerður and I are curious to know what moments or experiences our interviewees share with us. We are interested in better understanding how the experience of a moment on the shore, or more generally, of relating to an animate natural place, might invoke embodied and disembodied manners of thinking, speaking, or understanding. What experiences settle into the layers of the body from a short visit to an island a year ago or nearly sixty years ago? We conducted micro–phenomenological interviews that are very different from traditional structured or semi–structured interviews. Micro–phenomenology develops from studies showing that only a proportion of our lived experiences ever come to our awareness. The specificity of this method enables the researcher to collect descriptions of a high level of reliability and a fine degree of granularity of the micro–dynamics of singular experiences, in its pre–reflective	dimension.¹⁴ It therefore provides a way to study and become aware of subjective experiences.¹⁵ These could be holding a plant for a few seconds, listening to a sentence or a word, or standing in front of an artwork. The focus in a micro–phenomenological interview is the how of an experience; how was the plant prickly or soft? <i>How</i> was the bird singing to you? The interview might not include any what or why questions. During this process, the interviewee looks for answers in the body to call forth the lived experience. The objective of the micro–phenomenological interview is to enable a close examination of the process through which experiences unfold, allowing a study of intricate aspects and structures within any kind of experience. The participants in <i>Unstable Ground</i> shared with us moments on the island that they remember well and they consider important to them. They also drew the island and their movement upon it. The act of drawing was

11 Það er mín persónulega reynsla að flæði tíma, tímatakmörk, tímatöflur, og tímapressa hafi hvað mest áhrif á nám, kennslu og rannsóknir innan menntastofnana.

12 Guðbjörg R. Jóhannesdóttir and Sigríður Þorgeirsdóttir, „Reclaiming nature by reclaiming the body”, *Balkan journal of philosophy*. 8, no. 1 (2016): 39 — 48.

13 Jóhannesdóttir and Þorgeirsdóttir, „Reclaiming nature,” 47. We are living, breathing, pulsating beings in the same way as plants and other animals are. Just as plants and animals know the world through their senses, we gain a pre–discursive knowledge through our intertwining with the world that we can tap into if we start paying attention to our embodied sensing and start listening to our bodies. This type of understanding will not only help us to find a truly ecological way of being in the world as dark ecological thought does, but will also help us to find a totally different way of thinking about how we know the world, not only through our socially constructed ideas, but through our bodies as organic life forms. (*Þýðandi: Didda H. Leaman*).

14 Petitmengin, C., van Beek, M., Bitbol, M., Nissou, J.–M., & Roepstorff, A. “What is it like to meditate?: Methods and issues for a micro–phenomenological description of meditative experience”. *Journal of Consciousness Studies*. 24(5 — 6), (2017):170 — 198.

15 Petitmengin, C. “Describing one’s subjective experience in the second person: An interview method for the science of consciousness”. *Phenom Cogn Sci*. 5, (2006): 229 — 269 <https://doi.org/10.1007/s11097-006-9022-2>.

Okkur langar að skilja betur hver upplifun af augnabliki í fjörunni getur verið, eða almennara séð, hvernig tenging við kvikan, náttúrulegan stað getur kallað fram líkamlega hugsun, eða merkingu.

Hvaða upplifanir setjast að djúpt inni í líkamanum eftir stutta heimsókn til eyju fyrir ári síðan, eða fyrir tæpum sextíu árum? Til þess að nálgast þessa reynslu tókum við örfyrirbærafræðileg viðtöl, sem eru um margt ólík hefðbundnum eigindlegum viðtölum en örfyrirbærafræði tekur mið af rannsóknum sem sýna að við erum aðeins meðvituð um lítið brot af lífsreynslu okkar. Sérstaða þessarar aðferðar er að hægt er að safna lýsingum af töluvert miklum áreiðanleika, nákvæmum og hárfínum lýsingum af einstökum atburðum. Nokkurs konar smásjá á reynslu sem við höfum ekki enn leitt hugann að.¹⁴ Aðferðin býður því upp á leið til að kynnast og verða meðvituð um afar afmarkaða reynslu.¹⁵ Til dæmis hvernig það er að halda á plöntu í nokkrar sekúndur, hlusta á setningu eða orð, eða standa frammi fyrir listaverki stutta stund. Áherslan í örfyrirbærafræðilegu viðtali er *hvernig* var upplifunin; *hvernig* snertir þú plöntuna, var hún hrjúf eða mjúk? *Hvernig* söng fuglinn? Í öllu viðtalinu eru jafnvel engar *hvað* eða *hvers* vegna spurningar. Í þessu ferli þarf viðmælandinn að leita að svörum í líkamanum, hvernig líkaminn var staðsettur, hvernig lykt eða snerting var, til að kalla fram fyrri upplifun.

Þátttakendurnir í verkefninu *Óstöðugt land* hafa deilt með okkur augnablikum á eyjunni sem þau muna vel og eru þeim að einhverju leyti mikilvæg. Þátttakendur teiknuðu líka öll eyjuna og ferðir sínar um hana. Þau notuðu teikninguna til að rata aftur um eyjuna og skynja augnablik í líkama sínum, nú langt í burtu frá Surtsey.

Okkur langaði til að ræða við fjölbreyttan hóp einstaklinga af ólíkum aldri, kynjum og faglegum bakgrunni, fólk sem hafði mismunandi ástæður eða markmið með ferðum sínum til Surtseyjar. Þegar þessi texti er skrifaður höfum við tekið viðtöl við vísindafólk og rannsakendur úr náttúruvísindum, hugvísindum, listum og meðlim úr björgunarsveit, sem öll hafa deilt reynslu sinni af heimsóknum á árunum 1966 til 2023. Enn eru fleiri viðtöl fyrirhuguð.

Óstöðugt land	Unstable Ground
used to navigate the island and sense moments again in their bodies now physically far away from Surtsey. We wanted to speak with a range of individuals of different age, gender and professional background, people who had different motives or aims for their journeys to Surtsey. At the time of writing this text, we have interviewed scientists and researchers from the natural sciences, humanities, arts and a member of a local rescue team, who all have shared their experiences from visits between 1966 to 2023. We still have more interviews planned. What I can already say about the reflections of the participants in the interviews is that they all chose experiences of meeting, some even communicating with birds on the island. One participant said that birds were watching the same spectacular thing as her, another had a moment with a flock of sandpipers that she felt	had similar considerations of the small spit they were standing on to start sinking into the ocean from under their feet. Other participants shared experiences of how they felt the ephemerality of the island. Some even felt as though it could disappear anytime, there and then. In geological time, this landmass barely exists, and it will likely not exist for much longer, but all landmass moves and changes and has always done so — it is very unstable. One of the participants chose a moment to share with us from when he stood on the shore. He described how he had learned to react to the movement of large rocks and during the interview he explained this by searching for this movement in his body, he said: You step on top of the rock and it starts moving in a certain direction and then you feel that if the rock starts to spin too much you have to take your foot off it very

Það sem ég get þegar sagt um upplifun þátttakenda í viðtölunum, er að þau völdu öll að segja frá reynslu af tengslum, sum jafnvel af sam- skiptum við fugla á eyjunni. Einn þátttakandi sagði að fuglar hefðu horft á sama stórfenglega fyrirbærið og hún, annar upplifði augnablik með hópi sandlóa sem henni fannst íhuga það sama og hún, að litli tanginn sem þær stóðu á væri við það að sökkva í hafið undan fótum þeirra.

Aðrir þátttakendur deildu reynslu af hverfuleika eyjarinnar. Sumum fannst jafnvel eins og eyjan gæti horfið þá og þegar. Á jarðfræðilegum tímaskala er þetta landsvæði varla til og mun að öllum líkindum ekki vera til mikið lengur, en allur landmassi hreyfist og breytist og hefur alltaf gert það — hann er mjög óstöðugur.

Einn af þátttakendunum valdi að deila með okkur augnabliki frá því að hann stóð á ströndinni. Hann lýsti hvernig hann hefði lært að bregðast við hreyfingu stórra steina og í viðtalinu útskýrði hann þetta með því að leita að þessari hreyfingu í líkama sínum, hann sagði: Þú stígur ofan á steininn og hann byrjar að hreyfast í ákveðna átt og þá finnur þú að ef steinninn fer að snúast of hratt, verðurðu að taka fótinn af honum mjög snögg og stíga á annan stein, ef hann fer að snúast, en ef þú finnur grjótið stöðvast þá er allt í lagi, svo framarlega sem þú ert meðvitaður um að þegar þú stígur af steininum mun hann líklegast fara aftur í sína upprunalegu stöðu og þú þarft að gæta þín á því þegar þú tekur þyngd þína af honum. Þá getur þú, ef þér finnst staðan sem grjótið endaði í óþægileg, getur þú breytt þyngdarpunktinum í fætinum með því að nota ökkla. Eins og þú sért að reyna að lyfta þér upp, upp á tærnar, eða svo aftur niður. Þetta er hreyfing ökkla sem þú notar til að koma steininum í upprunalega stöðu, jafnvel þó þú standir ofan á honum. ... Það er ekki eins og ég finni fyrir þessu í ökkla, það eru bara liðirnir sem ég nota til að breyta jafnvægispunktinum.

Hann sagði líka að „steinarnir lægju þarna í fjörunni í ákveðnu jafnvægi og svo þegar við byrjum að stíga ofan á steinana ruglar það jafnvæginu“ og að þessa færni sé aðeins hægt að læra „með því að bröla um í

20	Gunndís Ýr Finnbogadóttir
quickly and step on another rock if it's going to spin, but if you feel the rock stop then you are fine with it as long as you are aware that when you step off it again the rock will most likely return to its original position and you need to be careful of that when you are shifting your weight from it. Then you can, if you find the posi- tion the rock ended up uncomfortable, you can change the centre of gravity in the foot by using the ankle. Like you're trying to lift yourself up, onto your toes, or then back down. This is the movement of the ankle that you use to bring the stone even to its original position, even though you are standing on top of it. ... It's not like I feel it in the ankle, it's just the joints that I use to change the balance point.	step on top of the stones, and it messes up the balance” and that this skill could only be learned “by frolicking about on rocky shores...”. Could this connect to Anthropocenean sensibilities? He then said: “This rocky beach was difficult to traverse. It will certainly be much easier in the future when one can walk there along sandy beaches.” Drawing from this memory and entering his embodied sense of the place, he also felt the forthcoming inevitable changes there. In another interview, we learned about one moment, decades ago, when the consistency of the ground and the volcanic matter surprised the interviewee. She described how after washing the dishes she poured the dishwashing water outside and it disappeared immediately, it did not form a puddle for a second, and she quickly understood how porous the ground was: “The land was so new, it was airy and had no consistency.” All of the participants shared experiences with animals, mostly birds, and how they were there with them, how the animals were there
He also said that “the stones lie there on the shore in a certain balance and then we start to	

grýttum fjörum. ...“. Gæti þetta tengst skynvísi mannaaldar? Síðan sagði hann: „Þessi grýtta strönd var erfið yfirferðar. Það verður örugglega miklu auðveldara í framtíðinni þegar hægt er að ganga þarna yfir söndugar strendurnar.“ Með því að styðjast við þessa minningu og lifa sig inn í hana og heimsækja staðinn á ný, upplifði hann einnig framtíðarsýn og óumflýjanlegar breytingar staðarins.

Í öðru viðtali heyrðum við af andartaki fyrir áratugum síðan þegar viðnám sands og ösku kom viðmælanda okkar á óvart. Hún lýsti því hvernig eftir uppvaskið hún hellti uppþvottavatninu niður utandyra og það hvarf samstundis, það stansaði ekki í polli í andartak. Þá skildi hún strax hversu óþjappaður og loftkenndur jarðvegurinn var: „Landið var svo nýtt og svo loftkennt og hafði enga viðstöðu.“

Allir þátttakendurnir deildu einhverri reynslu af dýrum, aðallega fuglum, og hvernig þau voru þarna með þeim, hvernig dýrin voru til staðar og hjálpuðu þeim á einhvern hátt við að rifja upp heimsókn þeirra.

Hversu oft gefum við okkur tíma til að veita því eftirtekt hvernig vatn hripar í gegnum jarðvegin og hvernig sú reynsla hefur áhrif á okkur? Hversu oft veitum við samskiptum og tilvist okkar með dýrunum eftirtekt? Og þegar það gerist, hvernig upplifum við skilninginn og uppgötvanir sem spretta fram úr svo djúpri reynslu af umhverfi okkar og öðrum lífverum?

Surtsey er líkast til öfgakennt dæmi til að kanna, þar sem hún er langt í burtu og afar fáir munu nokkurn tíma heimsækja hana, en getur hún samt kennt okkur eitthvað? Eins og þær upplifanir sem við fengum að kynnast? Getur reynsla viðmælanda okkar sagt okkur eitthvað um það hvernig við erum í tengslum við náttúruna? Um líkama okkar í samneyti við aðra líkama í gegnum eins konar smásjá eins og örfyrirbærafræði? Þessar spurningar leiða mig líka að því hvað slíkt sjónarhorn gæti þýtt fyrir menningarstofnanir, fyrir menntun og nám.

Ef þessi næmni felur í sér að við nálgumst hið óþekkta af einhverju öryggi, þá þurfum við fyrst að hlusta á okkur sjálf, á það hvernig við

21	Óstöðugt land	Unstable Ground
	and how that somehow enabled them to reflect upon their own visit there.	is, what this might mean for cultural institutions, support, and learning?
	How often do we take the time to notice how water filters through the ground around us and how that might be for us to experience? How often do we listen to our communication and our being with the animals around us? And when we do, how do we sense our understand- ings and realisations that emerge as such deep understanding of our environment and other beings?	If these sensibilities involve us entering into the unknown with some confidence, we first need to listen to ourselves, how we are affected by what is around us, we need to listen to each other, nature, and bodies around us. Perhaps, firstly though, we need to focus on inner listening, on listening in a way that we can get in touch with our most knowledgeable senses. We need to develop ways that allow us to share these findings, to put them into words and materials. What would support or care for this look like? And how would art schools, museums and other institutes find ways to lean towards new practices like this? In my own practice of facilitating learning, I consider this a lot and every year I try different things with those who participate in the courses or workshops that I lead. Along with partici- pants, I consider the surroundings that the work
	The island of Surtsey might be an extreme example to study, as it is far away and only very few people will ever visit, but can it still share something with us? Like the lived experiences we uncover? Does magnifying these experi- ences reveal something new about our immersion in nature? About our bodies with other bodies through microscopic lenses like micro-phenomenology? My next question	

verðum fyrir áhrifum af því sem er í kringum okkur, við þurfum að hlusta hvert á annað, á náttúruna og líkama í kringum okkur.

Kannski þurfum við einnig fyrst að einbeita okkur að innri hlustun, að hlusta á þann hátt að við getum oftast komist í snertingu við innsæi okkar og skilningarvit. Við þurfum að þróa leiðir sem gera okkur kleift að deila slíkri hlustun, að setja hana í orð og efni. Hvernig myndi stuðningur við slíka hlustun líta út? Og hvernig gætu listaháskólar, söfn og aðrar stofnanir fundið leiðir til þess að styðja slíka skynvísi?

Í minni kennslu og leiðsögn hugleiði ég þetta þó nokkuð, og á hverju ári prófa ég ýmislegt með þeim sem taka þátt í námskeiðum eða vinnustofum sem ég leiði. Í samvinnu við þátttakendur tek ég til greina umhverfið sem vinnan fer fram í, hvað er til staðar og hvað ekki, og hvernig það hefur áhrif á hvernig við lærum eða vinnum. Ég reyni að kenna mikið utandyra og á ferðinni. Það virðist opna á óvænta þekkingu; einhver í hópnum veit margt um plöntu sem við rekumst á, einhver sér eitthvað í veðrinu sem við þurfum að bregðast við. Einhver gengur og rifjar upp fyrri göngu sem kenndi eitthvað nýtt. Köttur eða fugl gæti komið inn í umræðuna okkar og lagt sitt af mörkum við hvernig við skiljum kennslufræði eða tengsl við nemendur.

Eins hef ég reynt að finna leiðir til að huga að tíma á annan hátt á þessum námskeiðum eða vinnustofum. Hvert og eitt okkar sem tekur þátt í námsumhverfinu getur unnið á sinn hátt með tímann, eftir því hverjar þarfirnar eru. Þetta getur þróast í verkefnum þátttakenda eða í daglegu skipulagi.

Örfyrirbærafræðileg nálgun í námi getur til að mynda boðið upp á aðferðir til að taka viðtöl eða fylgjast með ör-dýnamískum sjónarhornum með líkamlegri hugsun og ígrundunaræfingum. Með því að hlusta, fylgjast með eða bara fylgja, upplifa og kynnast þekkingu okkar jafnvel áður en við komum orðum að henni, getum við tengt saman þá þekkingu sem býr innra með okkur um umhverfi okkar. Þessa þekkingu getum við nýtt í nýjar aðstæður og í breytilegum heimi á *óstöðugu landi*.

22 Gunndís Ýr Finnbogadóttir

takes place in, what is there and what is not and how does that affect the settings. I try to teach as much as I can outdoors and on the move. That seems to open up to knowledge that is unexpected; someone might know something about a plant, or someone sees something in the weather, something we need to react to. Someone walks and recalls an earlier walk that taught something new. Or a cat or a bird might enter our discussion and contribute to how we understand a pedagogical approach or care for a pupil.

I also try out ways to consider time differently during these courses or workshops, each of us participating in the educational setting can work differently with time, according to our needs. This may unfold in participants' projects or in the day-to-day schedule.

Using a micro-phenomenological approach in educational settings is a possibility, offering tools to interview or observe micro-dynamic perspectives with embodied methods

and with a lot of reflective exercises. With the experience of listening, observing and experiencing our pre-discursive knowledge, we might be able to weave together knowledge that lives within us about our environment that we can intertwine with new situations and a changing world, an unstable ground.

Tuana concludes by inviting us to sail with her towards unknown (and unstable) grounds where we can invent new ways of being together with Anthropocenean sensibilities and their potential to shape the future.¹⁶ She suggests that they arise from the interplay of influences and exchanges, emphasising our existence in a constantly changing world. She highlights the presence of uncertainty, instability, and unforeseen consequences of actions. However, within the context of these sensibilities, these elements can serve as opportunities for envisioning and experiencing new possibilities for the future. She argues against being confined by existing ideologies, conceptions

¹⁶ Tuana, “From a Lifeboat Ethic,” 119.

¹⁶ Tuana, „From a Lifeboat Ethic,” 119.

Tuana býður okkur í lokin að sigla með sér í átt að óþekktum (og óstöðugum) löndum þar sem við getum fundið nýjar leiðir til þess að vera saman með skynvísi mannaaldar að leiðarljósi og möguleika hennar til að móta framtíðina.¹⁶

Hún gefur til kynna að skynvísi mannaaldar snúist um samspil áhrifa og skoðanaskipta og geti skipt miklu máli í okkar síbreytilega heimi. Hún beinir sjónum okkar að óvissu, óstöðugleika og ófyrirséðum afleiðingum ákvarðana okkar. Þá getur þessi skynvísi veitt tækifæri til að sjá fyrir og uppgötva nýja möguleika fyrir framtíðina. Hún talar gegn því að vera bundin af núverandi hugmyndafræði, réttlætishugmyndum og hugmyndum um eiginhagsmuni mannsins, einstaklingshyggju og ósveigjanlegum ályktunum. Þess í stað bendir hún á að hægt sé að tileinka sér opna og ófyrirsjáanlega framtíð, lausa við þær takmarkanir sem ríkjandi kerfi setja.

Förum nú aftur í fjöruna, búum okkur undir að þríla á stórum kringlóttum steinunum, líkaminn viðbúinn að halla sér, beygja og teygja, svo við getum unnið með steinunum. Sveigjanleg í öklunum, tilbúin að skynja hvernig steinarnir þurfa líka að halda jafnvægi. Við mætum og allt hefur umbreyt, hérna er nú sandfjara. Sterkir hafstraumarnir hafa togað alla þungu steinana af ströndinni. Hvað gerum við? Er þetta óþekkt land?

Getur líkaminn núna farið að hlusta á hafið? Heyrt hvernig það togaði grjótið, hlustað eftir því hvernig það getur líka leikið blíðlega við fjöruna og hvernig líkaminn upplifir ströndina og þennan jaðar þar sem þurrt og blautt landslag mætist?

23 Óstöðugt land Unstable Ground

of justice, and notions of self-interest that reinforce human-centeredness, individualism, and rigid assumptions. Instead, she advocates for embracing an open and incalculable future, free from limitations imposed by current structures.

Let us now go back to the shore, prepared to crawl on those large round rocks, ready in our bodies to lean and bend and stretch so that we work with the rocks. Flexible in our ankles, ready to sense how the rocks need balance too. We arrive and it is transformed, it is a sandy beach now. The strong ocean currents have pulled all the weight of the rocks off the shore. What do we do? Is it unknown ground?

Can the body now start listening to the sea? Hearing how it pulled the rocks, hearing how it can also gently play at the beach and how the body experiences the coast and the periphery of dry and wet landscapes?



Óstöðugt land
 Unstable Ground
 2024
 Priggja rása vídeó innsetning
 3-channel video installation
 Með leyfi listamanna og viðmælanda
 Courtesy of the artists and interviewees

Gunndís Ýr Finnbogadóttir býr og starfar á Íslandi. Hún útskrifaðist með meistaragráðu í myndlist frá Piet Zwart Institute og Plymouth University árið 2008, BA gráðu í myndlist frá Willem de Kooning Academie árið 2006 og M.Art.Ed. gráðu í listkennslu frá Listaháskóla Íslands árið 2011.

Gunndís er dósent við listkennsludeild Listaháskóla Íslands og vinnur einnig að langtímaverkefni sem er hluti af doktorsnámi hennar við Háskóla Íslands og snýst um að skoða tengsl hreyfinga líkamans (með áherslu á göngu), umhverfis og hugsunar.

Gunndís Ýr Finnbogadóttir lives and works in Iceland. She graduated with an MA in Fine Art from the Piet Zwart Institute and Plymouth University in 2008 and M.Art.Ed. in Art Education from the Iceland University of the Arts in 2011.

Gunndís is an associate professor at the Iceland University of the Arts, Department of Arts Education. She is currently a PhD candidate at the University of Iceland, investigating environmental immersion and movement in thinking in an artistic research project aimed at developing environmental pedagogies.

Þorgerður Ólafsdóttir útskrifaðist með meistaragráðu í myndlist frá Glasgow School of Art (2013) og hlaut BA í myndlist frá Listaháskóla Íslands (2009). Myndlistarverk Þorgerðar byggjast á rannsóknum, vettvangsferðum, ferli og úrvinnslu. Í verkum sínum hefur hún áhuga á atburðum og hlutum sem ýta við skilningi okkar og sambandi við náttúruna í síbreytilegri veröld.

Þorgerður er þátttakandi í alþjóðlega rannsóknarverkefninu Relics of Nature, an Archaeology of Natural Heritage in the High North (2021 — 2025). Sumarið 2021 hlaut hún rannsóknarleyfi til Surtseyjar vegna myndlistarverkefnis. Bók hennar Esseyja / Island Fiction kom út þann 14. nóvember 2023, á 60 ára gosafmæli Surtseyjar.

Þorgerður Ólafsdóttir graduated with a Master of Fine Art from the Glasgow School of Art (2013) and received a BA in Fine Arts from the Iceland Academy of the Arts (2009). Her work is layered in process, research and fieldwork. In her work, she considers various objects and phenomena that are connected to our understanding of and relation with nature in an ever-changing world.

Þorgerður is a part of the research project Relics of Nature, an Archaeology of Natural Heritage in the High North (2021 — 2025). In the summer of 2021, she received research permission to Surtsey. Her book Esseyja / Island Fiction was released 14November, 2023 on the 60th anniversary of the eruption of the island.

Óstöðugt land
Unstable Ground
Gunndís Ýr Finnbogadóttir
Þorgerður Ólafsdóttir
30.10.2024 — 19.01.2025

Sýningarstjórn
Curator
Becky Forsythe

Ljósmyndir
Images
Þorgerður Ólafsdóttir

Hönnun
Design
Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson,
Birna Geirfinnsdóttir)

Prentun
Printing
Svansprent

Uppsetningarteymi
Installation team
Annahita Asgari
Hrafnkell Tumi Georgsson
Sean Patrick O'Brien
Stefán Pálsson

Óstöðugt land
Þriggja-rása vídeó innsetning
Unstable Ground,
three-channel video installation

Aðstoð við upptöku efnis
Recording assistance
Bjarni Þór Pétursson

Aðstoð við klippingu og myndvinnslu
Editing and color correction
Hrafnkell Tumi Georgsson

Þakkir
Thanks to
Joe Keys
Julie Gasiglia
Ragnhildur Ragnarsdóttir

Listaháskóli Íslands
Kópavogsbær
Curver Thoroddsen
Annahita Asgari
Sean Patrick O'Brien

Magnús Atli Magnússon, RÚV
Náttúrufræðistofnun Íslands
Anna Líndal
Birgir Vilhelm Óskarsson
Birna Lárusdóttir
Helgi Birkis Huginnsson
Hildur Hákonardóttir
Kristján Jónasson
Surtseyjarfélagið
Bjarni Þór Pétursson
Hrafnkell Tumi Georgsson
Stefán Pálsson

Samantekt á seinni
viðtölum í Surtseyjarstofu
List of interviews
conducted at Surtseyjarstofa
Birna Lárusdóttir
5. október, 2022 Surtseyjarstofa

Birgir Vilhelm Óskarsson
8. desember 2022, Surtseyjarstofa

Anna Líndal
2. febrúar, 2023, Surtseyjarstofa

Helgi Birkis Huginnsson
3. mars, 2023, Surtseyjarstofa

Hildur Hákonardóttir
25. maí, 2023, Surtseyjarstofa


© Gerðarsafn — Listasafn Kópavogs,
höfundar texta og myndefnis/
ljósmynda, 2024
Gerðarsafn — Kópavogur Art Museum,
authors, artists/photographers, 2024



Sýningin er styrkt af
The exhibition is supported by

Myndlistarsjóður
Icelandic Visual Arts Fund





Fara Unninn myndarammi úr þrívíddarmódeli af Surtsey,
í umsjón Birgis Vilhelms Óskarssonar Með leyfi NÍ
Departure Composite image from a 3D model of Surtsey,
in the supervision of Birgir Vilhelm Óskarsson Courtesy of NÍ